

Svifvarpa (Havplov)

Það var seint á stríðs tíma, að skipstjóri Jóh. M. Bjarnason mæltist til að ég reyndi að finna ráð til að búa til vörpu er tæki fisk uppi í sjó (botnvarpa tekur aðeins fisk sem er við botn) því nú væri nægtir fiskjar, enn uppi í sjó og optast væri er hann væri í göngu og elti síli, og þegar svo væri, fengist sem ekkert í botnvörpu, nema lítinn tíma nætur.

Sjálfur kvaðst hann skyldi annast um kostnaðinn og gerðum við bráðabyrðasamning um þetta (P. Magnússon), þá hafði ég þá gert tilraunir til að fá verkfærin í því lagi að not gátu orðið að. Þegar þetta var, var Jóhannes skipstjóri á togaranum Víðir í Hafnarfirði, fiskað vel og var víst velstæður maður. Ég vann að þessu meir og minna í 1 1/2 ár þar til ég hafði komið öllu í það lag sem ég vildi. Þetta var varpa, sem gat farið eptir skipi, svo hátt eða lágt í sjó sem vildi og opið gat verið svo vítt að í hlutfalli við 26-28 fet með botni gat hæðin verið nær 3/4 = 15-17 fet uppi í sjó og það þó mjög hægt væri dregið (vanaleg botnvarpa getur ekki haft hærra op, en hlerar eru breiðir þ.e. 4-5 fet, og svo mikið op uppávið að dregið sje með afli og miklum hraða því er það að krapt litlar vjelar draga ekki nógu vel. Svo jafnvel eftir rönd vörðu skefur botninn líka, þ.e. varpan er lokuð og þá er síst fiski von.

Þegar ég hafði reynt vörpu líki (modell) í litlum stíl á bát og gat ekki annað en verið sannfærður um rjettann útbúnað – fyrirkomulag. Nú var sótt um einkarjett hjer og úti í Danmörku. Síðar í Englandi, Norvegi, Svíaríki og Frakklandi, Þýskalandi. Allt gekk þetta greitt, loks er búíð var á fá það í gegn í fyrsta ríkinu, í Danmörku, en fyrirhöfn var mikil og mörgu að svara, næstum með hverju skipi og kostnaður ærið mikill. Þegar hjer er komið sögu er Jóh. Bj. flæmdur frá skipinu – ég orða það svo af því mjer fannst hann ekki eiga það skilið, eptir þennan afla og uppgang sem hann hafði veitt því félagi á stríðsárunum þó hann nú fiskaði ekki eins og og þau nýju skipin með krapt og góðu vélarnar. Þeir fiskuðu síst betur, er tóku við Víðir eptir hann.

Nú vandaðist málið. Þar sem Jóh. rjeði nú ekki lengur fyrir skipi. Til þess að hætta ekki við svo búíð var fundinn Ófeigur Guðmundsson, sem þá var með nótabátinn Wersley [??] og stundaði snurvoðarfiskirí nú hjer í flóanum. Þessi bátur hafði aðeins 60 HK. vjel og gekk þar að auki illa.

Varpa var útbúin úr því vaðfeldasta úr botnvörpu, allrabesta efni úr birkitrje (sem er allra hvítviða seigast) var haft í bómuna og hún auk þess bent með 29 3/8” járnstöngum eptir endilöngu svo ekki var nein hætta á að hún bilaði. Lengdin var 23 fet. Þvermál trjes var 5 þumlungar. Þessi varpa gat því haft op 21x31 fet sem er 1/2 stærra enn meðal botnvarpa með 40x5 fet.

Með þennan útbúnað var svo farið og fiskað í snurvoð og þessi varpa reynd um leið. Kom þá fram að báturinn dróg ekki vörpuna með neinum hraða, var of afllítill vjel, enginn fiskur fekkst þar. Varpan fór í ólag vegna gangleysis. Þó er hún reynd aptur, að morgni, innar undir Eyjum og í miðjum sjó og kom þá með geysi mergð af Marglittu, ca.a 2-3 ????. Þetta sýndi þó að varpan hjelt opinu niðri í sjó þrátt fyrir mjög hæga ferð, og nú kom hún greið og í lagi upp úr sjó, ca. 1/2 tíma dráttur var þetta.

Ófeigur vildi gera allt til þess að reyna vörpuna, enn ég gat ekki ætlast til að hann eyddi meiri tíma í það í bili, frá aflaleitum sjálfs hans. Enn ekki stóð á honum að reyna betur að haustinu.

Þegar þetta var lá við Efferseyjargarðinn meðal annara skipa hollenska járnskútan er nú var eigu konsúls Gísla Jóhans í Vestmannaeyjum (Þetta skip sökk svo við garðinn eptir nýjar næsta ár í stór flóðinu er þá gerði). Nú símaði ég til G.J. og bað hann leyfis að mega geyma veiðarfærið á dekki í þessu skipi í 1- 1/2 mánuð. Jú þar var svo sem meira enn velkomið, var því gengið í að gera allt upp og ganga frá vörpu og bómu þarna úti í skipinu við garðinn. Betri staður varð varla kosinn!!

En um haustið – ca. miðja september, stóð til að byrja á ný. Fórum við 3, ég , Bjarni Þórir sonur minn og Ófeigur skipstjóri og stóð nú til að fara að undirbúa undir leiðangur, en er um borð var komið liggur bóman brotin í sundur í miðju og ústendanir halaðir saman og bundnir fastir saman. Aðkoma var óvænt og köld og til þess hefir verið ætlast, að sjeð yrði að þara væri ekki um neitt óviljaverk að ræða. Þetta dugnaðarstarf að brjóta svona svert tré úr besta efni og með nær 30 járn spöngum langs um gat ekki verið unnið af færri en 4-6 mönnum og ekkert óviljaverk nje einstaklings, þarna unnið – á annað hundr. króna (160) biti fyrir mig í efni og vinnu. Og efni ófánlegt af slíkri tegund að gæðum.

Varla gat ég hugsað, að þetta hafi gert aðrir en sjómenn því ekki varð komist út í skipið nema á báti. Margir togarar lágu þarna við garðinn að venju. Þetta sumar og höfðu báta til aðfara á milli, enn leitt var til þess að hugsa að þetta hlaut að vera gert af mönnum sem gátu látið þetta hlutlaust, engann kostnað höfðu þeir af því, enn ef vel gengi gat þetta orðið sjómönnum til góðs eins, enda var unnið að því einu marki með tilbúning þessa veiðafæris.

Þá var nú næst að búa til bómu og vörpu á ný, og þá heldur minni og meðfærilegri – eptir stærð bátsins – þegar það var búið fór Ófeigur suður í Garðsjó til aflafanga enn lenti þar í ofviðri á norðan og strandar í Vogavík svo bátur var ekki sjófær eptir það. Nú var þá aðeins eptir að leita til stór útgerðarmanna og var það afráðið að leita til Kveldúlfs – þar var nóg aflíð og áhuginn kunnur. Þeir tóku því vel að reyna þetta, áttu að leggja til efni í bómu og vörpur og tilhjálp til að vinna að útbúnaði við það, og láta svo reyna veiðarfærið til þrautar og gera breytingar ef með þyrfti. Á móti þessu áttu þeir að fá 1/2 eignarrétt á öllu sem búið var að gera og ganga að öllum rjetti að 1/2 á móti okkur Jóhannesi en þeir áttu líka að gjalda af og halda uppi rjetti okkar á fengnum einkaleyfum sem við þá vorum búnir að kaupa og leggja fje út fyrir.

Nú er byrjað: Efni í bómu er fengið utanlands að en óhentugt mjög. Purfi feikna vinnu við það að búa það allt út, tók fullar 3 vikur að búa til þessi veiðarfæri út og þá í marz átti nú að reyna þetta á Skallagrími og var svo lagt út að kveldi og fiskað heila viku í blíðu veðri, afli ágætur, nema á daginn var stundum hvílt í 2-3 tíma er bjartast var dags. Því þá fékkst ekki fiskur – „var uppi í sjó“ sem kallað var. Fékkst þá ekki í botnvörpu. Loks kom að kveld hins síðasta dags og á nú að halda heim í nótt. Skipið fult af fiski og lifur. Þá segir Guðm. Jóns. að rjett sje nú að reyna þetta til þess að sjá hvernig það fer í sjó og á að meðhöndla það (þess má geta að

skipverjar höfðu litið þetta veiðarfæri óhýru auga, voru hálf hræddi um að það væri erfitt og fremur slysavon á því.)

Nú vart alt tilbúið og varpan sett út og alt gekk þetta svo greitt að mjer er óhætt að fullyrða að skipverjar urðu undrandi og þá ekki síður við upptekinguna, sem lá svo beint fyrir og var svo auðskilin og glöggt sjáanlegt að als engin hættu á flækjum nje óreiðu sem er svo tíð við botnvörpur. Ekki náði þessi tilraun til þess að reyna að afla. Varpan var dreginn lítinn spöl ofansjár og 2svar sett í 5-8 faðma dýpi., þ.e. aðeins til að sjá aðferðina og fór það alt eptir því sem ég hafði gert ráð fyrir. Þessi tilraun mun alls hafa tafið um ca. 1/2 kl. tíma. Svo var lagt á stað vestur á Selvogsbanka, togað þar nokkurn tíma og lagt síðan á stað og lent hjer við bryggju kl 8-9 að morgni.

Farið var með veiðarfærið aptur og ljest G.J. myndi reyna það betur næst, þá þurfti ég ekki að far með því nú kunnu menn að höndla með það. Og ég þori að fullyrða að karlar hlökkuðu til ef svona auðvelt veiðarfæri yrði notað (þetta kom betur í ljós seinna).

Komið er heim úr þeim fiskitúr, enn engin reynsla gerð því mokafla enginn tími til tafar. Kom þar að því er ég hafði búist við, að kappgjörnum fiskimönnum mætti ekki ætla að vilja tefja sig frá afla, slíkt væri þeim í raun og veru ómögulegt.

Loks kemur seint í apríl, og nú hefði þó varpan verið reynd, að vísu fékkst enginn fiskur í hana, því nú var allur fiskur horfinn af bankanum eins og tíðt kvað vera, að hann hverfi allur á 1, jafnvel 1/2 dægri. Svo að ekki verður neins vart.

Þá var þá loks tími til að reyna hana. Ég átti tal við G.J. og spurði hann hvernig hafi gengið. Svör hans voru voru sem allra mest á þessa leið.

- 1) „Nei, fisk fengum við að vísu ekki, og ég gat heldur ekki búist við því, þar sem fiskur var vitanlega allur farinn og fékkst ekki á engin önnur veiðarfæri.
- 2) Nei, ekkert bilaði og dróg ég þó með fyllsta hraða, alt frá yfirborði og miðsvæðis í sjó, niður í 50 faðma djúp.
- 3) Já, veiðarfærið fór í sjónum alveg eins og ég stjórnaði því og hefir alveg fullnægt þeim skilyrðum er þú ætlaðist til.
- 4) nú förum við á ísfisk og getum ekki reynt þetta fyr en við komum aptur. Þetta var fyrir lok og þeir fóru á ísfiskirí, ekki eina ferð heldur tvær ferðir, ég beið, slepti algerlega ferð til Ísafjarðar, 6-700 kr. atvinnu og loks í ágústmánuði, eptir að Skallagr. hafði og verið í klassa í útferðinni – var talað um að reyna nú í bugtinni. Ég var þrátt fyrir að Guðm Jóns. segði að ekkert hefði bilað og ekkert þyrfti að laga. – athugaði útbúnaðinn og gat ekki sjeð annað en alt væri í lagi. Loks er lagt út í blíðviðri út á Svið, þar á að reyna og varpan sett út, og straks er varpan var komin c.a. 20 faðma aptur fyrir og með hægri ferð (slow) áframa og varpan og bóman ofansjávar, fer bóman í sundur um miðju; tilfelli sem mig undrar enn í dag. – enn eins og skipstj. undraði furðu lítið, þó fá orð væru höfð, aðeins þau fáu orð man ég, þó eg skilji þau illa „Þú getur nú verið hvar sem þú vilt“ (Þetta var þegar búist var að innbyrða dótið). Ég hafði engin orð, fór að basla við að læsa veiðarfærin í sundur, á leiðinni í land, um leið var kastað botnvörpunni.

Þegar að landi kom, voru þar fyrir all margir menn, og nöpur voru háðsyrðin er einn skipstj. benti til mín (var sagt að það væri bróðir G. J. – Sigvaldi Kaldalóns –

sem mjer var að góðu kunnur, vjek sjer að mjer er hann heyrð til mannsins og bað mig að svara honum ekki. Þetta væri eins og annað sjómannaöfl sem best væri að sinna engu. Ég ljét þetta því afskiptalaust. Var enda með hugann meira bundinn við tilfellið.

Næsta morgun fer ég niður í Kveldúlf og ætla að tala við þá þar en þeir framkvæmdastjórar voru ekki við og vildi ég ekki bíða eptir þeim því svo lengi hafði ég beðið þar opt að slík bið voru mjer orðin leið. Komst þetta þó á tala við 2 skipstj. menn er þar voru og sagði annar 1) nú voru þeir ekki eitthvað að tala um daginn að bóman mynda vera eitthvað línud eða brotin“. – Jæja segi ég – gæti það þá verið tilfellið að þið hjer vissuð um að bil hafi verið komin í bómuna, enn því ekki látið mig vita af því og ég hefi verið hjer í marga daga að vinna að endurbótum ef nokkurs þyrfti með. Þá segir hann aptur „Þetta hefur líklega verið rangt tekið eptir hjá mjer, það hefir líkl. verið eitthvað annað“. Þjer hafið sagt nóg“ sagði ég, - og furðu rólega „gat hún ekki hafa bilað eitthvað þegar hún var sett í land í vor“ bætti hann við. „Ég hefði þá búist við að fá að vita eitthvað um það, enn svo er ekki, sagði ég og gekk út.

Eptir 2 daga datt mjer í hug að athuga nú brotin, mig minnti að þverbrot hafi verið í mörgum trjáflöskunum, einkum á einn veg í bómunni, enn minntist þess um leið að furuviðartegundir geta þverkubbast á pörtum ef trje er svert. Ég fór nú að skoða þetta betur, en nú kom það undarlega fyrir að báðir brota endarnir eru svo krossaðir og sundur tættir að ekki var sjáanlegt að brotin væru samstæð. Líkast var að brotin væru tjökkuð upp með einhverju oddmynduðu verkfæri. Víst var það á óþekktanleg voru þau sem samstæð. Margir höfðu auðv. gengið þarna um í þessa 2 daga, hvert þeir hafi „goldið tarfalögin“ og sperað brotin svo vendilega út, þykir mjer ekki trúlegt, enn ég verð að játa þá syndsamlegu hugsun: hvert bóman hafi verið lömuð af hnífastungum, sem svo þyrfti: að villa sýn, er færi gafst? Sannarlega kom mjer í hug tifelli úti í Hollenska skipinu í fyrra. Það var auðsjánlega úti með allar tilraunir árið það. Enn svo kom árið 1924! Þá kom mjer til hugar að reyna nú að fá að reyna þetta í Þór við Vestmannaeyjar, því nú var tiltrú mín lítil til trollaranna. Þetta var furðu auðsótt, því Jóh. Jósefsson tók mjög vel í það, er þetta væri í þarfir sjómanna, enda fékk ég þar stuðning Fiskifjel. og Kveldúlfur hjelt áfram að leggja til í smærra veiðarfæri – Þór var minni vjelar skip. Varpa er útbúin og sett um borð og farið til Vestm. Eyja. Gott var sjóveður og fiskirí nokkurt. Var farið innundir Eyjafjallasvið – enn – áhöldin um borð!!! Ca. 30 faðma vírar hvoru megin á spil. (þyrftu að vera 60 faðmar hvor) og svo ryðgaðir að mátti mylja þá milli handa sjer, og enginn „gils“, þ.e upphölnarlína uppi möstur til að lypta því er í dekki er eða ofan sjávar. Það var því lítt hugsandi að koma veiðarfærunum út fyrir borðstokkinn án þessara línu. Í stað 2-3 mínútna tíma, tók það því á 3ja kl. tíma að koma veiðarfærinu í sjóinn og auk þess ekki hættulaus aðstaða. Loks er þó varpan komin útbyrðis og sett nokkuð niður í sjó og dregið hægt og í krókum því að vírar voru allir í ólagi um borð þegar þetta er gerir norðan rok úti á Landeyjasöndum (við vorum í logni) og í sama bili stefna 2 útl. togarar úr hafi uppundir sanda. Segir skipstj. (Jóh. P. Jónsson) að nú verði tafarlaust að fara af stað og út eptir því þeir sjeu að fara í landhelgi – varpan var tekinn inn og í henni voru 7 stórir þorskar og sá 8 flaut uppi við skipið, auðsjánalega úr vörpunni því hann var allifandi. Ég spurði hvað var dregið lengi. Skipstj. lítur á úrið og segir „rjettar 19 mínútur hefur varpan verið í sjó“.

Rjettur framdráttur gat því varla verið meiri en það hálf af þeim tíma því svo lengi var verið að koma vörpunni frá skips hlið, vegna illis og ónógs útbúnaðar – sem togarar hafa ágætann, enginn hliðarlás, fyrir strengi sem þó er það nauðsynlegasta er troll er dregið.

Haldið var til lands og þessi veiðireynsla því að skipstj. meinti að vera með svo ljelegan útbúnað skips – til þessa, gæti ekki verið að tala nema í góðu næði, hann hefði því vörpuna eptir og kvaðst skyldi reyna er fiskur færðist fjær og net yrði færð á djúpmið. Því meðan mest væri fiskirí inni við sanda, væri aldrei friðar stund fyrir togurnum allra þjóða. Ég fór því heim með næsta skipi – Tjaldur – sem þá var á ferð.

Á heimleiðinni hafi ég gott næði til að yfirvega árangurinn. Þótti mér hann nú sýnu betri en tilraunir Breta með trowlið sem lýst er að hafi tekið fjölda tilrauna í tímabil á annað ár áður en lag komst á, og illa kvað skipst. Hjalti Jónssyni hafa gengið að greiða flókna trollið er hann tók fyrst upp úr sjó hjer á fyrsta Ísl. trollara, - að sögn. Jú, eptir atvikum þótti mér túrinn góður og taldi nú líklegt að úr færi að rakna – enn lítill gaumur var þessu gefinn, varla nefnt. Svo kom Þór um sumar að málin. Jú hann gerði tilraun er fiskur var farinn á djúp, enn varð ekki til gagns því nú slitnaði annar spilstrengurinn – og var síst að furða, eptir nær 4 ár á spilinu – að sögn þeirra um bord.

Ekki vildu Kveldúlfsmenn telja þetta neins vert, og ljetu nú afskiptalaust, og gat ég ekki neitt aðhafst og varð að þola að þeir trössuðu greiðslur á einkaleyfunum og svo erfitt var að koma nokkru tauti við þá til framkvæmda, svo ég bað þá að minnast þess er við höfðum gert ráð fyrir í fyrstu að þeir mættu segja upp framkvæmdunum og hætta og spurði ég að (2 eða 3) með allöngu tímabili hvert þeir vildu ekki hætta heldur enn að draga mig svona á framkvæmdum – í öll skiptin kom spurningin: „Hvað ætlar þú þá að gera?“ – ég kvaðst ekkert segja um það, þeim nje öðrum. – nei, ekki að hætta, láta nú reyna það austur í norðursjó, er komið væri úr ísfisksölutúr. Ég gat ekki við ráðið!. Svo í mars 1926 varð ég að fara með sjúkling til Kbh, og dvelja þar nær 3 vikur enn rjett áður enn ég fór heim kom skeyti að heiman að fallin væri í gjalddaga ensk og sænsk patentavgiften. Strax var skeyti sent til Kveldúlfs um að greiða iðgjöld þessi til að tapa nú ekki þessara ríkja rjetti, töldum við þessu borgið, enn er heim kom var alt ógert-rjetturinn tapaður hjá þessum ríkjum líka.

Aldrei hafði ég búist við slíkri meðferð enn svona fór.

Nú rak hvert tíminn annan. Strax og ég kom heim var tekið til að rífa niður Fríkirkjuorgelið og setja það nýja upp. Ég vann að þessu og Pálmar sonur minn með þessum þýska manna sem senn kom til að setja það upp. Þetta verk tók 6 vikur. Ekki var ég þó hættur við Kveldúlfsmenn - ekki skyldi standa á mér. Spyr þá að hvert þeir ætli ekki að láta nú verða af því að reyna vörpuna er togarar þeirra færu á síld, því svo opt hafi þeir talið um að þar væri nú eiginlega hentugast tækifæri, er hlje væri á síldarfeng, sem opt væri. „já“ nú sendum við líkl. engan togara á síld“, já, en ef, þá getum við gert þjer aðvart. Já gerið þið það, símann hefi ég heima og ef ég er ekki heima þá getið þið sent til mín í Fríkirkjuna, ég vinn þar alla virka daga. Já, þetta þótti ágætt. Ég var mjög aðþrengdur við þessa vinnu og alt erfiði og umstang áður og á ferðalaginu enginn dagur til hvíldar.

Nú beið!, enn svo er rjettað. Við erum að klára verkið frjetti ég að þá fyrir 2 dögum hafi einn af Kveldúlfstogurunum farið á síld og aðrir eigi ekki að fara. Ekkert fékk ég að vita um þetta, aldrei símað nje sent til mín, mér var útsjeð um þessa hörmulegu vanefnd á öllum þeirra lofordum þó munnleg væru. Síðasta atrennan varð um haustið, enn þá vildu þeir aðeins nota mótorbát suðrí Garði er ætti hvert eða væri að gæta strand helgi – landhelgi, og töldu víst að fengist undanþága að veiða í landhelgi.

En ég mótmælti þessu því að fenginni reynslu í þessum viðskiptum myndu þeir gera lítið úr fyrir togara, þó ágæt reynsla fengist á svona smábát.

Ó. Th. Var fyrir svörum og hjelt seimingar þingræðu og snýr þá öllu við og segist sjá það að ég innst í hjara mínu hafi enga trú á þessu og líklega hafi í rauninni aldrei haft.

Þetta þótti mér skýr bending um þann vilja er ég hafði borið svo gott traust til, alt til síðustu stundar, nú var líka síðasta stundin komin. Hefði verið betur að ég hefði skilið fyr! Enn ég átti ekki í nein önnur hús að venda og ég gerði alt það sem mjer var unnt að gera, bæði í framkvæmdum og að efna gefin loford. Alt á minn kostnað hvað vinnu mína og allar tafir áhrærir frá þeim fékk ég engann eyri til hjálpar, enda það ég ekki um neitt, aldrei heldur boðið það ég man.

Öll vinna við þetta er óreiknuð enn beinlínis tapaði ég 3-4 vikna vinnu á Ísafirði meðan ég beið eptir Skallagrími um vorið, sem fyr er greint. Annar maður komst að vinnunni á meðan (hann var frá Akureyri). 8 daga var túrinn með Skallagrími um veturinn og 5 daga túr í Vestan ferðinni með Þór, alt þetta án eyris inntektar, er hinir stóðu í mokafla (þar 4 kr. Í fæðispeninga, að öðru leiti frítt um bord).

Skýrslu um túrinn með Þór hefði skipstj. lofað að taka upp úr dagbókinni, er vildi, en ekki hef ég gengið eptir henni, því það alt er þó bókað og á vissum stað.

Umboðsmaður minn var í Kbh. Hr. L. Fanøe, stakur ágætismaður á alla lund. Honum skrifaði ég greinilega um alt er skeði (mátti skrifa á Ísl. Því kona hans, frú Jóna Björnsd. Kristjánssonar var líka lipur og fylgdist vel með öllu er gerðist.

N.B.

Lengi þráttuðu sjómenn – líka Kveldúlfsmenn um að mjög ólíklegt væri að unnt væri að ná afla upp í sjó, hátt eða lágt . – þ.e. nema við botn. Ég var einn þeirra fáu sem andmæltu þessu – enn nú er – jafnvel í Botnvörpu, fenginn skýlaus sönnun þess að taka má fiskinn hvort sem er, aðeins að veiðarfærinu verði stjórnað og að varpa haldist opin. Á þann hátt hafa þeir sumir náð ágætis afla við og við í botnvörpu nú seinustu árin – 1929-31. Enn ekki geta þeir haft fullt vald – svo vel sje, með þeim útbúnaði.

Vissan tíma dags, nokkuð eptir veðri og birtu, hverfur fiskur frá botni svo ekki verður fisk vart þann tíma dags þó mok afli sje annars. Fiskurinn upp í sjó. En hvar? – það vita helst færa menn, en þeir fá opt örfiski uppi sjó en að hitta á hvar fiskur heldur sig, það er vandinn meiri, enn það eru bestu færarafiskimennirnir sem

finna það út, af æfingu, og draga því best og því betur enn hinir, sem þeir geta vilt fjelögum sínum betur sjónir hve djúpt þeir renna. Þetta kvað vera algeng komedia á dekki á færaskipum.

Það væri mikils vert fyrir færaskip að geta sem fljótast fundið hve hátt eða lágt fiskitorfurnar eru og þá rennt fuglinn á það dýpi strax og samtaka. Sama væri og nauðsynlegt að vita er svifvarpa er notuð. Þess vegna tók ég fyrir að búa út verkfæri í þessa átt, áður en ég fór út með Skallagrími fyrri ferðina, aðeins model, sem þó gat komið að notum og reynslan varð þannig.

Mokafli var í Botnvörpu, nema um miðdagsleiti í blíðu veðri, var því hætt að toga um 2 tíma bil og kláruð aðgerð á dekki og karlar hvíldu sig. Fór ég þá afturá og renndi og fann strax hvar fiskur lá í torfum nær botni. Kallaði ég þá á skipstj. G.J. bað hann að renna, hann vill það – „nú er í botni“ segir hann. ---- „bíddu við! – hann bíður --- „nei, en ekki var það nú botn“. Bíddu enn. – „þarna er þó í botni“ nei, segi ég: -- „ónei, ekki var það heldur botn“ --- nei ekki enn. „ætli það sé ekki botn ennþá“. Jú nú var líklega botn seig ég, og fór þá sakkán ekki lengra. Mín reynsla var fengin og ég hafði sett merki á línuna þar sem stó á fiski þannig: Ca. 27-28 faðma niðri í sjó stóð á fiski svo að bið varð á að línun rynni lengra út, þá hleypur hún, um ca. 14 faðma og stöðvast þá aftur – á fiskitorfu, enn ekki eins lengi og í fyrra sinnið.

Svo hleypur hún út um ca. 11 faðma og er þá í botni, þ.e. 11 faðma frá botni liggur fiskitorfan og svo önnur stærri – þjettari c.a. 14 föðmum ofar, ekki fiski vart á milli nje ofar í þetta sinn. Eflaust er þetta mjög mismunandi, og þetta bendir til að fiskur haldi sig í torfum uppi í sjó fremur en dreyfður.

Þetta var aðeins ein tilraun og aðeins einn dag, en sönn og áreiðanleg var hún . --- enn aldrei talaði G. Jónsson um þetta við mig, - var eins og hann tryði ekki sjálfum sjer? Og þó varð honum að orði, „þarna er hann þá núna“.

Ég bjó svo þetta verkfæri út á þann hátt en ég tel það altilbúið og veit einginn um það frekar. Sömuleiðist breytti ég fyrirkomulegi svifvörpunnar – hentuga fyrir smærri skip og einfaldara. Það fyrirkomulag er og greint og engum sýnt. Bíð eftir tækifæri að geta reynt það sjálfur, ef mjer endist líf til þess.